

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Ársreikningur

2021

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks
Árnagötu 2-4
400 Ísafjörður
kt. 681210-0320

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Efnisyfirlit

2021

Áritun endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-11

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Bygðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Bygðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Bygðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks á árinu 2021, efnahag 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Bygðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi félagsins. Ef við á, skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 20.06.22

Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Guðmundur E Kjartansson
endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Rekstrarniðurstaða Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks á árinu 2021 var jákvæð um kr.107.172

Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir samlagsins kr. 90.175.338 bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 19.851.561 og eiginfjárlutfall er neikvætt um 22%. Fjöldi ársverka á rekstrarárinu er 1.

Byggðasamlagið er byggðasamlag með dreifðri þjónustu og veitir þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfi nr. 38/2018. Markmið þess er að færa þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum til sveitarfélaganna á grundvelli þjónustusamninga, þannig að þjónusta við fatlað fólk verði samþætt annarri félagsþjónustu sveitarfélaganna.

Heimfaraldur Covid 19 setti strik í fjárútgjöld sveitarfélaganna vegna ársins 2020, þrjú af fjórum félagsþjónustusvæðum skiluðu inn viðaukum í lok árs vegna veikinda starfsmanna sem hljóðaði upp á samtals 63.073.408 kr. Á árinu 2020 fékk BsVest ýmis aukaframlög frá Jöfnunarsjóði sem nam 46.776.075 kr. Framkvæmdastjórar sveitarfélaganna innan BsVest samþykktu á fundi sínum þann 2. júní 2021 að greiða út til þeirra sveitarfélaga sem sannarlega voru með viðauka í lok árs 2020. Eftirstöðvarnar vegna viðaukanna hafa verið sendir sveitarfélögunum til umræðu og úrlausna. Lagt er til að eftirstöðvar 16.297.333 kr. verði skipt niður á sveitarfélögin eftir því sem við á miðað við íbúafjölda.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samlagsins í árslok 2021, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn og framkvæmdastjóri Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks staðfesta hér með ársreikning samlagsins fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Ísafirði, 20.06.2022

Stjórn Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks.

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Rebekka Hilmarsdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Bragi Þór Thoroddsen

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Starfandi framkvæmdastjóri

Jón Hrói Finnsson

Rekstrareikningur ársins 2021

	Skýr.	2021	2021 Rekstraráætlun	2020
Framlög		580.279.678	632.187.419	620.517.164
Framlög til sveitarfélaga		(561.274.398)	(650.722.801)	(573.447.771)
Stofnframlag Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs		0	0	(24.896.000)
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(15.348.437)	(15.400.000)	(13.504.391)
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(3.472.517)	(4.000.000)	(6.058.169)
Rekstrarhagnaður		184.326	(37.935.382)	2.610.833
Fjármunatekjur		34.170	0	69.757
Fjármagnsgjöld		(111.324)	0	(95.706)
	4	(77.154)	0	(25.949)
Rekstraniðurstaða		107.172	(37.935.382)	2.584.884

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýr.	31.12.2021	31.12.2020
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	5	58.658.033	70.061.156
Aðrar skammtímakröfur	5	338.368	1.263.366
Handbært fé	5	31.178.937	54.225.259
		<u>90.175.338</u>	<u>125.549.781</u>
Eignir		<u>90.175.338</u>	<u>125.549.781</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Ójafnað tap		(19.851.561)	(19.958.733)
Eigið fé, (neikvætt)		<u>(19.851.561)</u>	<u>(19.958.733)</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	6	107.052.917	143.391.861
Aðrar skammtímaskuldir	6	2.973.982	2.116.653
		<u>110.026.899</u>	<u>145.508.514</u>
Skuldir		<u>110.026.899</u>	<u>145.508.514</u>
Eigið fé og skuldir		<u>90.175.338</u>	<u>125.549.781</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		184.326	2.610.833
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>184.326</u>	<u>2.610.833</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun, (hækkun)		12.328.121	(24.349.351)
Rekstartengdar skuldir (lækkun), hækkun		(35.481.615)	67.355.061
Handbært fé (til), frá rekstri án vaxta og skatta		<u>(22.969.168)</u>	<u>45.616.543</u>
Innborgaðir vextir		34.170	69.757
Greiddir vextir		(111.324)	(95.706)
Handbært fé (til), frá rekstri		<u>(23.046.322)</u>	<u>45.590.594</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(23.046.322)	45.590.594
Handbært fé í upphafi árs		54.225.259	8.634.665
Handbært fé í lok árs		<u><u>31.178.937</u></u>	<u><u>54.225.259</u></u>

Skýringar

1. Starfsemi

Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks er byggðasamlag með dreifðri þjónustu og veitir þjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðning nr. 38/2018. Markmið þess er að færa þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum til sveitarfélaganna á grundvelli þjónustusamninga, þannig að þjónusta við fatlað fólk verði samþætt annarri félagsþjónustu sveitarfélaganna.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	2021	2020
Laun	11.369.958	10.727.996
Lífeyrisjóður	1.528.669	1.446.294
Önnur launatengd gjöld	1.973.321	1.071.933
Annar starfsmannakostnaður	476.489	258.168
	<u>15.348.437</u>	<u>13.504.391</u>
Stöðugildi að meðaltali	1	1

Heildarlaun og þóknarir til stjórnar á árinu 2021 námu 462 þúsundum króna.

Skýringar

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	2021	2020
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	21.586	7.727
Vaxtatekjur af kröfum	16.133	79.523
Fjármagnstekjuskattur	(3.549)	(17.493)
	<u>34.170</u>	<u>69.757</u>
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum við lánastofnanir	(111.324)	(95.706)
	<u>(111.324)</u>	<u>(95.706)</u>
	<u>(77.154)</u>	<u>(25.949)</u>

5. Peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Inneignir hjá sveitarfélögum	10.245.034	11.607.273
Jöfnunarsjóður	48.412.999	58.453.883
	<u>58.658.033</u>	<u>70.061.156</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2021	31.12.2020
Virðisaukaskattur	338.368	1.263.366
	<u>338.368</u>	<u>1.263.366</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2021	31.12.2020
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	31.178.937	54.225.259
	<u>31.178.937</u>	<u>54.225.259</u>

6. Peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Viðskiptaskuldir	0	469.232
Eftirstöðvar skuldar við sveitarf. v. aukafr. 2015	37.821.730	37.821.730
Viðbótarframlag Jöfnunarsjóðs óskipt á félagsþj.	0	46.776.075
Skuldir við sveitarfélög	69.231.187	58.324.824
	<u>107.052.917</u>	<u>143.391.861</u>

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2021	31.12.2020
Ógreidd laun og launatengd gjöld	926.791	869.513
Ógreitt áfallið orlof	2.047.191	1.247.140
	<u>2.973.982</u>	<u>2.116.653</u>

7. Skýring vegna eftistöðva skuldar v. 2015

Á árinu 2015 greiddu sveitarfélögin sem standa að Bygðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BsVest) sérstök framlög til BsVest að fjárhæð kr. 71.475.969 þar sem framlög frá ríki og sveitarfélögum nægðu ekki fyrir útgjöldum þess. Þessi framlög eru umfram lögbundin framlög sem námu 1,24% af útsvarsstofni. Unnið er að því að fá leiðréttingu á framlögunum til BsVest frá ríkinu til að mæta útgjöldum vegna lögbundinna verkefna BsVest. Vonir standa til að þessi framlög fái greidd frá ríkinu og er gert ráð fyrir því í ársreikningi með því að færa þá fjárhæð sem enn stendur eftir sem skuld við sveitarfélögin. Árið 2018 fékkst viðbótarframlag frá Jöfnunarsjóði að fjárhæð kr. 8.294.121 og var það greitt til sveitarfélagana árið 2019. Eftirstöðvar 31.12.2019 kr: 37.821.730 eru óbreyttar 31.12.2021.

Sundurliðanir

	2021	2020	2021 Áætlun
Framlög			
Framlög Jöfnunarsjóðs	499.320.814	507.914.148	544.480.406
Ísafjarðarbær	46.772.160	46.772.160	46.772.164
Bolungarvíkurkaupstaður	12.501.816	12.501.816	12.501.819
Súðavíkurhreppur	2.065.680	2.065.680	2.065.685
Strandabyggð	5.055.960	5.055.960	5.055.955
Kaldrananeshreppur	1.298.964	1.298.964	1.298.961
Árneshreppur	413.388	413.388	413.388
Reykholahreppur	2.608.956	2.608.956	2.608.954
Vesturbyggð	13.878.756	13.878.756	13.878.756
Tálknafjarðarhreppur	3.111.336	3.111.336	3.111.331
Stofnframlag-Fasteignasjóður jöfnunarsj.	0	24.896.000	0
Framlög 2021 ofgreidd	(6.748.152)	0	0
	<u>580.279.678</u>	<u>620.517.164</u>	<u>632.187.419</u>

Framlög til sveitarfélaga

Ísafjarðarbær	456.715.119	443.864.512	506.085.165
Félagsþjónustan við Djúp	56.012.384	58.311.429	62.159.953
Félagsþjónusta Stranda og Reykhóla	45.031.049	68.173.565	80.677.683
Félagsþjónusta V-Barðastrandasýslu	2.091.079	3.098.265	1.800.000
Framlag v. uppgjör útsvars 2018	1.424.767	0	0
	<u>561.274.398</u>	<u>573.447.771</u>	<u>650.722.801</u>

Laun og annar starfsmannakostnaður

Vinnulaun	10.907.214	10.610.474	15.000.000
Stjórnarlaun	462.744	117.522	400.000
Bílfreiðastyrkir	150.024	43.706	0
Dagpeningar	258.150	186.100	0
Tryggingagjald	795.965	775.836	0
Lífeyrissjóður	1.528.669	1.446.294	0
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður	377.305	361.957	0
Áunnið orlof, breyting	800.051	(65.860)	0
Slysatryggingar starfsfólks	28.800	28.362	0
Annar starfsmannakostnaður	39.515	0	0
	<u>15.348.437</u>	<u>13.504.391</u>	<u>15.400.000</u>

Sundurliðanir

	2021	2020	2021
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður			
Skrifstofuadstaða	695.065	787.260	1.400.000
Auglýsingar og kynningar	0	49.724	0
Námskeið og ráðstefnur	402.545	0	300.000
Kaup og viðhald tölvu og hugbúnaðar	19.516	96.962	0
Sími	196.884	187.348	0
Pappír, prentun og ritföng	106.794	6.782	0
Bókhald, endurskoðun og reikningsskil	1.310.368	990.889	1.200.000
Lögfræðipjónusta	99.500	1.472.100	0
Samkomulagsbætur	0	2.195.300	0
Ferðakostnaður, gisting og fæði	504.396	134.257	600.000
Styrkir	119.993	81.450	500.000
Tryggingar	12.787	11.847	0
Annar kostnaður	4.669	44.250	0
	<u>3.472.517</u>	<u>6.058.169</u>	<u>4.000.000</u>

Undirritunarsíða

Ingibjörg Birna Erlingsdóttir

Jón Hrói Finnsson

Bragi Þór Thoroddsen

Ólafur Þór Ólafsson

Jóhanna Ösp Einarsdóttir

Rebekka Hilmarsdóttir

Guðmundur E Kjartansson